



## Bæjarstjórn Garðabæjar 8. (978)/2026

Boðað er til 8. (978). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 7. maí 2026 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

### Dagskrá:

1. 2604026F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/4 '26.
2. 2604036F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/4 '26.
3. 2604048F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/5 '26.  
2512147 - Vífilsstaðir, deiliskipulag, 1.áfangi  
2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.
4. 2604031F - Fundargerð leikskólanefndar frá 22/4 '26.
5. 2604024F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 16/4 '26.
6. 2604042F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 30/4 '26.
7. 2604015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 15/4 '26.
8. 2604010F - Fundargerð velferðarráðs frá 17/4 '26.
9. 2604030F - Fundargerð öldungaráðs frá 27/4 '26.
10. 2602076 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/4 '26.
11. 2602330 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 10/4 '26.
12. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 20/4 '26.
13. 2602305 - Fundargerðir samstarfsnefndar skíðasvæðanna frá og 22/4 og 29/4 '26.
14. 2508513 - Ársreikningur Garðabæjar 2025 (síðari umræða).
15. 2605046 - Kjörtímabilið 2022-2026.

Almar Guðmundsson,  
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**7. (977). fundur 2026**

Fimmtudaginn 16. apríl 2026 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Guðfinnur Sigurvinsson bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Harpa Þorsteinsdóttir varabæjarfulltrúi, Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi og Raket Steinberg Sölvadóttir varabæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 19. mars 2026 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2603036F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/3 '26.**

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 9.tl. fyrirspurn Garðabæjarlistans um tekjutengda afslætti til barnafjölskyldna.

Fundargerðin sem er 9.tl. er samþykkt samhljóða.

**2. 2603045F - Fundargerð bæjarráðs frá 31/3 '26.**

Björg Fenger ræddi 5.tl. Hestamannafélagið Sprettur - viljayfirlýsing og 11.tl. umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.

Harpa Þorsteinsdóttir ræddi 11.tl. umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 11.tl. umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.

Björg Fenger tók til máls að nýju og ræddi 11.tl. umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.

Harpa Þorsteinsdóttir tók til máls að nýju og ræddi 11.tl. umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.

Almar Guðmundsson tók til máls og ræddi 11.tl. umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.

Margrét Bjarnadóttir ræddi 11.tl. umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.

Fundargerðin sem er 14.tl. er samþykkt samhljóða.

2603439 - Sjúkraþjálfun Garðabæjar - samningur um leigu á rými í Miðgarði.

Bæjarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samning milli Garðabæjar og Sjúkraþjálfunar Garðabæjar fyrir aðstöðu heilsueflandi starfsemi í 600 fermetra rými á 2. hæð í Miðgarði.

2603474 - Umsókn Brynju leigufélags um stofnframlag.

Bæjarstjórn samþykkir að verða við erindi Brynju leigufélags ses. um greiðslu sex stofnframlaga vegna kaupa á fjórum tveggja herbergja íbúðum og tveimur þriggja herbergja íbúðum í Garðabæ árið 2026. Áætlað kaupverð er 463,6 mkr. og nemur stofnframlag 12% eða 55,6 mkr. (mál nr. 2603474)

2509209 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 26. mars 2026 varðandi stöðuleyfi fyrir sauna hús. Sótt er um að fá leyfi til að koma fyrir færanlegu saunahýsi við efra bílastæðið við Vífilsstaðavatn. Sú staðsetning sem lögð er til er utan friðlands Vífilsstaðavatns. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi veiti stöðuleyfi fyrir saunahýsi til 6 mánuða til reynslu enda er starfsemin innan svæðis sem er fyrirhugað til almennrar útivistar samkvæmt deiliskipulagi.

### 3. 2603051F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/4 '26.

Fundargerðin sem er 20.tl. er samþykkt samhljóða.

2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðahverfis og Garðaholts og hefur verið auglýst samhliða tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis. Í tillögunni eru gerðar eftirfarandi breytingar: Afmörkun Grænagarðs, 1.89 OP er breytt. Stækkun til vesturs, skerðing um íbúðarlóð í NV-horni. Afmarkað stofnanasvæði 1.90 S fyrir samfélagsþjónustu/skólastarfsemi. Afmörkun íbúðarsvæðis 1.76 Íb er breytt í samræmi við breytingu á afmörkun Grænagarðs. Nýr tengistígur í Garðahverfi. Gönguleiðir við Garðakirkju skilgreindar sem tengistígar. Auk þess er gerð eftirfarandi leiðrétting á aðalskipulagsuppdrætti: Á staðfestum aðalskipulagsuppdrætti frá 2018 var svæði 1.81 M fyrir mistök einungis sýnt að hluta, svæði 1.80 var ekki sýnilegt og auk þess rangmerkt S í stað ÍP. Prentuð útgáfa uppdráttarins var leiðrétt nema landnotkunarmerking svæðis 1.80. Þessi atriði eru hér með færð í rétt horf og til samræmis við staðfesta greinargerð og auglýsta uppdrætti. Athugasemdir og umsagnir gefa ekki tilefni til breytinga á tillögunni. Skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkir tillöguna sem breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 óbreytta frá auglýstri tillögu.

2601486 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Birkiholt 14 - Stækkun byggingarreits - Fyrirspurn til umhverfissviðs.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi fyrirspurn lóðarhafa að endaraðhúsinu Birkiholti 14 um hugmynd að útfærslu bílageymslu við norðurhlið raðhússins. Skipulagsnefnd taldi að til greina komi að vísa tillögu þess efnis í grenndarkynningu ef að viðbygging fari ekki nær lóðarmörkum en 1 metri og að kvöð komi um gróður milli byggingarreits og lóðarmarka. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi umsókn um deiliskipulagsbreytingu til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu deiliskipulags Breiðumýrar og norðanverðs Sviðholts. Sækja þarf um deiliskipulagsbreytingu.

2505354 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Teistunes 1 - byggingareitur - Fyrirspurn til umhverfissviðs.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi fyrirspurn um tillögu að útfærslu breytinga á einbýlishúsinu að Teistunesi 1. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi tillögu að óverulegri deiliskipulagsbreytingu til grenndarkynningar sem er í samræmi við gögn sem fylgja fyrirspurn. Sækja þarf um deiliskipulagsbreytingu. Grenndarkynna skal eigendum Kríuness 1 og 4, Súluness 3 og 5 og Þernuness 3 og 5.

2601143 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Vesturhraun 3 - Deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi tillögu að óverulegri breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem nær til lóðarinnar Vesturhraun 3 að lokinni grenndarkynningu. Gert er ráð fyrir stækkun byggingarreits við húsagafli að sunnanverðu að götu. Einnig er gert ráð fyrir að ákvæði um veggghæð hækki úr 7,5 í 8,35 m. Tillagan er sett fram á breytingarupprætti og fylgja með útlitsteikningar af fyrirhugaðri viðbyggingu. Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting deiliskipulags Molduhrauns.

2603397 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Fífumýri 3 - Viðbygging - Fyrirspurn til umhverfissviðs.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi fyrirspurn lóðarhafa að Fífumýri 3 um tillögur að breytingum á einbýlishúsinu. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísi umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum í þá veru sem fyrirspurn lítur að í grenndarkynningu. Sækja þarf um byggingarleyfi og vera í samráði við byggingarfulltrúa og skipulagsstjóra um útfærslur og framsetningu grenndarkynnta gagna. Grenndarkynna skal lóðarhöfum að Fífumýri 1, 2, 4, 5 og 6 sem og Engimýri 11, 13 og 15.

2601487 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Suðurhraun 6 og 10 - Deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 10. apríl 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem nær til lóðanna Suðurhraun 6 og 10 og fylgir umsókn um deiliskipulagsbreytingu. Einnig lagt fram minnisblað lóðarhafa um samnýtingu bílastæða og tillögu að kvöð um sameiginleg afnot bílastæða milli lóða sem þinglýst yrði í kjölfar deiliskipulagsbreytingar. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum: -Grunnflötur húsa verði 60% af flatarmáli lóðar í stað 50%. -Heimilt er að hafa sameiginlega aðkomu að aðliggjandi lóðum. Þ.e. aka má yfir eina lóð til að komast að annarri, í samræmi við þinglýstar kvaðir á útgefnum mæliblöðum. -Heimilt er að samnýta bílastæði á aðliggjandi lóðum, þannig að bygging á lóð nr. 10 getur nýtt bílastæði sem tilheyra lóð nr. 6, í samræmi við þinglýstar kvaðir á útgefnum mæliblöðum. -Ákvæði um að bílastæði skulu að jafnaði vera götumegin við hús og ákvæði um bindandi byggingarlínur fellt út þar sem það er ekki viðeigandi við Suðurhraun. Skipulagsnefnd leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni: Í grein 2.2.2. standi: Hæðarkótar á jarðhæðum eru sýndir á hæðablöðum og er hámarkshæð frá gólfplötu jarðhæða í mæni 9,8 m. (Sú hæð er til samræmis við bygginguna sem fyrir er á lóðinni. Ákvæði um hæð þakbrúnar er því fellt út) Í grein 2.1.4 Frágangur lóða bætist við: "Breidd kvaðar um gróðurbelti innan lóðar númer 10 skal ná að húshlið þar sem að byggingarreitur færir að götu. Ef gafi sem snýr að götu verður gluggalaus skal hugað vel að

útliti hans og yfirbragði t.d. með uppbroti í efnisvali, hávöxnum trjátegnum, klifurgróðri eða listaverki." Skipulagsnefnd vísar tillögunni með ofangreindum breytingum til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**4. 2604004F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 8/4 '26.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. vígslu fundarrýma og setustofu á 2. hæð í Miðgarði, 2.tl. Íþróttapíng, samráðsfund íþróttafélaga Garðabæjar, 3.tl. sumarnámskeið barna 2026 og 4.tl. Hönnun - útboð - Lambamýri 2. áfangi - frístundaþjónusta fyrir fötluð ungmenni.

Harpa Þorsteinsdóttir ræddi 2.tl. Íþróttapíng, samráðsfund íþróttafélaga Garðabæjar.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi 2.tl. Íþróttapíng, samráðsfund íþróttafélaga Garðabæjar.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 2.tl. Íþróttapíng, samráðsfund íþróttafélaga Garðabæjar.

Fundargerðin er lögð fram.

**5. 2603025F - Fundargerð leikskólanefndar frá 18/3 '26.**

Margrét Bjarnadóttir ræddi 1.tl. heimsókn leikskólanefndar í Urriðaból við Holtsveg og 2.tl. erindi til leik- og grunnskólanefnda frá Hjallastefnunni.

Fundargerðin er lögð fram.

**6. 2604007F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 9/4 '26.**

Guðfinnur Sigurvinsson ræddi fundargerðina.

Almar Guðmundsson ræddi 2.tl. Jazzþorpið í Garðabæ 2026.

Fundargerðin er lögð fram.

**7. 2603040F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 26/3 '26.**

Fundargerðin er lögð fram.

**8. 2604005F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 10/4 '26.**

Fundargerðin er lögð fram.

**9. 2603022F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 18/3 '26.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 1.tl. Þróunarsjóð grunnskóla 2026-2027 og 2.-26.tl. umsóknir úr Þróunarsjóði grunnskóla.

Fundargerðin er lögð fram.

**10. 2603037F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 25/3 '26.**

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 1.tl. innleiðingu farsældar í Garðabæ, 2.tl. Þróunarsjóð grunnskóla, 3.tl. erindi til leik- og grunnskólanefnda frá Hjallastefnunni, 4.tl. erindi til

skólanefndar frá Flataskóla og 5.tl. Hjallastefnan, uppbygging á Vífilsstöðum.

Fundargerðin er lögð fram.

**11. 2603038F - Fundargerð ungmennaráðs frá 19/3 '26.**

Fundargerðin er lögð fram.

**12. 2603029F - Fundargerð velferðarráðs frá 20/3 '26.**

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl. endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks, 2.tl. frístundaþjónusta fatlaðra ungmenna og 3.tl. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti.

Rakel Steinberg Sölvadóttir ræddi 3.tl. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 1.tl. endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.

Fundargerðin er lögð fram.

**13. 2602076 - Fundargerðir heilbrigðisnefndar frá 24/2 og 30/3 '26.**

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

**14. 2601375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 16/3 '26.**

Fundargerðin er lögð fram.

**15. 2602305 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 18/3 '26.**

Fundargerðin er lögð fram.

**16. 2601279 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 11/2 '26.**

Gunnar Valur Gíslason ræddi 2.tl. málefni Endurvinnslustöðva - lokun Dalvegjar og breyting á fjölda flokka og 8.tl. aðalfund Sorpu bs.

Fundargerðin er lögð fram.

**17. 2602330 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 20/3 '26.**

Fundargerðin er lögð fram.

**18. 2601508 - Fundargerð stjórnar SHS frá 13/3 '26.**

Fundargerðin er lögð fram.

**19. 2601544 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 10/3 og 20/3 '26.**

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi fundargerð 20. mars 2026, 1.tl. hleðsluútböð og fundargerð 30. mars 2026 2.tl. nýtt félag, 3.tl. ársreikningur 2025, 4.tl. innri endurskoðun, 5.tl. umræður um gjaldskrá og 6.tl. uppgjör við verktaka.

Harpa Þorsteinsdóttir ræddi fundargerð 20. mars 2026, nýtt félag, 3.tl. ársreikning og 5.tl. umræður um gjaldskrá.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi fundargerð 20. mars 2026, 5.tl. umræður um gjaldskrá.

Harpa Þorsteinsdóttir tók til máls að nýju og ræddi fundargerð 20. mars 2026, 5.tl. umræður um gjaldskrá.

Björg Fenger ræddi fundargerð 20. mars 2026, 2.tl. nýtt félag.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

**20. 2509275 - Endurskoðun á stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.**

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða Stefnu Garðabæjar í málefnum fatlaðs fólks.

**21. 2511456 - Húsnæðisáætlun Garðabæjar 2026**

Almar Guðmundsson tók til máls.

Rakel Steinberg Sölvadóttir tók til máls.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Húsnæðisáætlun Garðabæjar ber merki þess að séreignastefna er áfram í forgangi hjá meirihlutanum. Áætlunin ber þó einnig merki um metnað í málaflokki fatlaðs fólks, sem er vel, en Garðabæjarlistinn vill sjá frekari áherslu á uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis, búseturéttaríbúða og leiguhúsnæðis í samstarfi við óhagnaðardrífín félög. Við eigum öll að geta búið í Garðabæ."

Björg Fenger tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Uppfærð húsnæðisáætlun Garðabæjar fyrir árið 2026 endurspeglar áframhaldandi metnaðarfulla uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem miðar að því að mæta vaxandi þörf á húsnæðismarkaði og styðja við heilbrigt og fjölbreytt samfélag.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja ríka áherslu á að uppbygging húsnæðis fari hönd í hönd við uppbyggingu innviða, þannig að tryggð sé áfram góð og aðgengileg þjónusta við íbúa, líkt og niðurstöður þjónustukannana hafa ítrekað staðfest.

Í áætluninni er lögð sérstök áhersla á fjölbreytni í íbúðagerð. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fagna þeirri skýru áherslu sem lögð er á aukna uppbyggingu sérbýlis og telja hana lykilatriði í áframhaldandi þróun bæjarins. Fyrirhuguð uppbygging sérbýlis í Hnoðraholti suður, á Álfanesi og í Háholti Hnoðraholti er mikilvægt og tímabært skref sem mætir eftirspurn fjölskyldna og styrkir stöðu Garðabæjar sem eftirsóknarverðs búsetukosts.

Jafnframt er mikilvægt að tryggja að ólíkir hópar hafi raunhæfan aðgang að húsnæði við hæfi, hvort sem um er að ræða fyrstu kaup, stækkun eða tilfærslu í minna húsnæði. Þar vegur séreignarstefna þungt sem grundvöllur að öryggi og stöðugleika heimila.

Áætlunin tekur einnig mið af þörf fyrir hagkvæmar íbúðir fyrir ólíka hópa. Áfram er gert ráð fyrir góðu samstarfi við Brynju leigufélag um kaup þeirra á leiguíbúðum í bænum og verið er að hefja uppbyggingu við nýjan búsetukjarna í Hnoðraholti sem mun bæta aðgengi að húsnæði fyrir fatlað fólk.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins líta á áætlunina sem mikilvægan lið í því að tryggja áframhaldandi uppbyggingu, jafnvægi og lífsgæði í Garðabæ."

Rakel Steinberg Sölvadóttir tók til máls að nýju og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Viðreisn í Garðabæ vill vekja athygli á því að uppsetning og útfylling húsnæðisáætlunar samkvæmt sniðmáti HMS geti, að hluta til, haft í för með sér að formkröfur vegi þyngra en raunveruleg áætlanagerð. Í skýrslunni má víða sjá óbreytt gildi milli ára sem gefa takmarkaða

mynd af mögulegri framtíðarþróun. Þá teljum við mikilvægt að skýrt samræmi sé milli talna um félagslegt og hagkvæmt húsnæði og þess rökstuðnings sem fram kemur í texta áætlunarinnar. Við leggjum áherslu á að í samstarfi við HMS verði skoðað hvernig megi þróa bæði form og vinnulag þannig að húsnæðisáætlanir nýtist sem raunverulegt og gagnlegt stjórnæki. Jafnframt er bent á tækifæri til að byggja áfram á fyrirbyggjandi greiningum um leik- og grunnskólaþörf og vinna markvisst með þau gögn til framtíðar."

Almar Guðmundsson tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir með 8 atkvæðum (AG, BF, SHJ, MB, HBE, GVG, GS, BDG) uppfærslu húsnæðisáætlunar Garðabæjar til 10 ára í samræmi við 1. gr. reglugerðar um húsnæðisáætlun sveitarfélaga nr. 1248/2018, sbr. breyting samkvæmt reglugerð nr. 1597/2022 og lög um húsnæðismál nr. 44/1998. 3 bæjarfulltrúar (ÞÞ, HÞ, RSS) sátu hjá.

**22. 2601001 - Tillaga um kjörstaði og skipun fulltrúa í undirkjörstjórnir og hverfiskjörstjórn Álftaness við sveitarstjórnarkosningar 16. maí 2026.**

Bæjarstjórn samþykkir að kjörstaðir við sveitarstjórnarkosningar sem fram eiga að fara 16. maí 2026 verði tveir, í Álftanesskóla þar sem kjördeildir verða tvær og Íþróttahúsinu Mýrinni þar sem kjördeildir verða tíu.

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa eftirfarandi fulltrúa í 12 undirkjörstjórnir vegna kosninga til sveitarstjórnar sem fram eiga að fara laugardaginn 16. maí 2026.

Fulltrúar í undirkjörstjórnir í Álftanesskóla.

Anna Kristmundsdóttir, Asparholti 1, Elsa Rut Leifsdóttir, Birkiholti 6, Emilía Gunnarsdóttir, Krókamýri 78, Guðmundur Ingi Bjarnason, Vesturtúni 42, Guðríður Eyvindardóttir, Hólmatúni 43, Ingibjörg Systa Jónsdóttir, Hestamýri 2A, Katrín Jónína Gunnarsdóttir, Birkiholti 6, Kristín Rós Björnsdóttir, Sjávargötu 22, Marta Ottósdóttir, Asparholti 1, Rúna Lís Þráinsdóttir, Sviðsholtsvör 9.

Fulltrúar í undirkjörstjórnir í Íþróttahúsinu Mýrinni.

Agnes Ýr Pétursdóttir, Eskiási 1B, Anna Ingibergsdóttir, Bæjargili 65, Anna Margrét Halldórsdóttir, Kríunesi 14, Auður Atladóttir, Holtsvegi 39, Árni Gunnar Kristjánsson, Hlíðarbyggð 9, Birna Ágústsdóttir, Kinnargötu 57, Birta María Sigmundsdóttir, Ótilgreint, Björn Ingi L. Jónsson, Lautargötu 4, Bryndís Kristjánsdóttir, Ægisgrund 13, Brynhildur Þórðardóttir, Vinastræti 12, Daníel Arnar Magnússon, Hallakri 4A, Daníel Jósefsson, Kjarmóum 39, Dóra Þórisdóttir, Espilundi 10, Dröfn Ágústsdóttir, Lyngmóum 7, Edda Björg Sigurðardóttir, Hraunsholtsvegi 10, Eiríkur Sigurðsson, Strandvegi 26, Erna Björk Ásbjörnsdóttir, Kjarmóum 39, Eva Júlía Birgisdóttir, Ásbúð 49, Guðmunda Inga Gunnarsdóttir, Strandvegi 10, Guðrún Valgerður Ásgeirsdóttir, Lyngási 1C, Gunnhildur Eva Arnoddsdóttir, Hagafliot 4, Gunnsteinn Geirsson, Hagafliot 4, Hafdís Bára Kristmundsdóttir, Asparholti 5, Haukur Steinn Helgason, Norðurbrú 2, Haukur Þorsteinsson, Eskiási 1C, Heimir Björnsson, Bæjargili 98, Herdís Sigurbergisdóttir, Lynggötu 3, Hildur Benediktsdóttir, Steinprýði 4 (Gimli), Ingimundur Orri Jóhannsson, Heiðarlundi 9, Íris Rut Erlingsdóttir, Furuási 2, Íris Rut Sigurbergisdóttir, Móafliot 7, Íris Þóra Birgisdóttir, Ásbúð 49, Kolbrún Sigmundsdóttir, Hofakri 3, Kristín Bjarnadóttir, Mariugötu 5, Kristín Einarsdóttir, Ótilgreint, Lára Gísladóttir, Lambamýri 3, Magnús Stephensen, Löngumýri 57, Ragnheiður Stephensen, Löngumýri 57, Rikey Jóna Eiríksdóttir, Hrísmóum 6, Sigríður Logadóttir, Kinnargötu 82, Skarphéðinn Jónsson, Strandvegi 10, Sunna G. Sigurðardóttir, Ásbúð 49, Unnur Flygenring, Strandvegi 11, Urður Hafþórsdóttir, Þorraholti 1B, Vala Dröfn Hauksdóttir, Móafliot 37, Vala Guðný Guðnadóttir, Heiðarlundi 9, Þórhildur Reinharðsdóttir, Aratúni 18, Þóroddur Björgvinsson, Keldugötu 1, Þórunn Þórsdóttir, Mariugötu

32.

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa eftirfarandi fulltrúa í hverfiskjörstjórn Álftaness vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram eiga að fara 16. maí 2026.  
Snædís Björnsdóttir, Lyngmóum 7, Lúðvík Hjalti Jónsson, Lindarflöt 50, Guðfinna Aradóttir, Hólmatúni 8, Þorgerður Kristinsdóttir, Vesturtúni 42.

### 23. 2508513 - Ársreikningur Garðabæjar 2025 - fyrri umræða

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri fylgdi úr hlaði ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2025. Gerði bæjarstjóri grein fyrir helstu niðurstöðum reikningsins og lykiltölum. Almar þakkaði starfsmönnum bæjarins fyrir þeirra hlut að góðum rekstri bæjarins. Bæjarstjóri lagði til að vísa ársreikningnum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Gunnar Valur Gíslason tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2025 staðfestir enn á ný sterka fjárhagslega stöðu bæjarsjóðs Garðabæjar og ábyrga fjármálastjórn. Rekstrarniðurstaða er jákvæð um 2.753 m.kr. og fjármagnsgjöld lækkuðu um 275 m.kr. frá árinu 2024. Þetta er afar góð niðurstaða miðað við óvenju óhagstæðar ytri aðstæður, viðvarandi verðbólgu og háa vexti.

Tekjur jukust umfram áætlanir og reksturinn skilar traustu veltufé frá rekstri, alls 2.389 m.kr. Samhliða því var hrein lántaka óveruleg á árinu 2025. Skuldaviðmið lækkaði úr 97% í 86% og skuldahlutfall lækkaði úr 120% í 110%. Þetta er skýr vísbending um að markviss stefna um aðhald, ábyrgð og langtímahugsun skilaði miklum árangri árinu.

Haldið var áfram öflugri uppbyggingu í bænum með fjárfestingum í skólum, íþróttamannvirkjum, fráveitu og annarri grunnþjónustu. Slík uppbygging er forsenda þess að mæta þörfum ört vaxandi samfélags, en íbúum Garðabæjar fjölgaði um rúmlega 600 á árinu 2025. Það er mikilvægt að tekjur af sölu byggingarréttar hafa ávallt verið nýttar til áframhaldandi uppbyggingar innviða og niðurgreiðslu skulda.

Þessi góði árangur hefur náðst á sama tíma og álögum er stillt í hóf. Útsvarshlutfallið er með því lægsta sem þekkist meðal sveitarfélaga á Íslandi, álagningarhlutfall fasteignagjalda hefur verið lækkað ásamt því að almennar gjaldskrárhækkningar hafa ekki verið umfram verðlag.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2025 endurspegli traustan rekstur, skýra forgangsröðun og ábyrg vinnubrögð. Sá árangur skapar sterkan grunn fyrir áframhaldandi uppbyggingu, öfluga þjónustu og aukin lífsgæði í Garðabæ. Um þessa mikilvægu hagsmuni bæjarbúa vilja bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins standa vörð um hér eftir sem hingað til."

Þorbjörg Þorvaldsdóttir tók til máls.

Harpa Þorsteinsdóttir tók til máls.

Almar Guðmundsson tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa ársreikningi Garðabæjar 2025 til síðari umræðu í bæjarstjórn sem er fyrirhuguð 7. maí 2026.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. apríl 2026 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Bjarnadóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)  
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)  
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)  
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)  
Rakel Steinberg Sölvadóttir, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 16. apríl 2026 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Margrét Þarnadóttir

Sigrún Anna Þorvaldsson

Guðmundur Elísson

Þorbjörg Þorvaldsson

Róbert Steinberg

Ólafur Þorvaldsson

Ólafur Þorvaldsson

Ólafur Þorvaldsson

Ólafur Þorvaldsson

Ólafur Þorvaldsson

Ólafur Þorvaldsson

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**14. (2209). fundur 2026**

Þriðjudaginn 21. apríl 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2604306 - Innritun í leikskóla Garðabæjar 2026.**

Guðbjörg Linda Udengard, sviðsstjóri fræðslu- og frístundar, gerði grein fyrir stöðu innritunar barna í leikskóla fyrir haustið 2026.

Innritun hefur gengið vel og hefur börnum sem fædd eru í september 2025 verið boðin leikskólapláss. Vonir standa til að hægt verði að úthluta börnum sem fædd eru í október 2025 leikskólaplássum.

**2. 2405295 - Opnun tilboða í verkið - Flataskóli suðurálma og hluti miðálmu, niðurrif.**

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Flataskóli Garðabæ - Suðurálma og hluti miðálmu - Niðurrif 2026". Eftirfarandi tilboð bárust:

1. Urð og grjót ehf., kr. 48.000.000 (127,5%).
2. H2Orka ehf., kr. 53.500.000 (142,1%).
3. EJ Vélar ehf., kr. 80.500.000 (213,9%).
4. Berserkir ehf., kr. 81.900.000 (217,6%).
5. Atlas Verktakar ehf., kr. 93.000.000 (247,1%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 37.640.075. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Urð og grjót ehf., að fjárhæð kr. 48.000.000 (127,5% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

**3. 2604197 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga fyrir Jazzporpið á Garðatorgi.**

Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Jazzþorpið á Garðatorgi dagana 30. apríl 2026 til 3.mái 2026.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

**4. 2604260 - Styrkbeiðni minningar- og styrktarsjóðsins Arnarins, dags. 12.04.26.**

Bæjarráð vísar erindinu til úthlutunar styrkja 2026.

**5. 2603521 - Tillaga íbúa um grillaðstöðu í Vinagarði í Urriðaholti.**

Bæjarráð vísar erindinu til skoðunar á umhverfissviði.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 21. apríl 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**15. (2210). fundur 2026**

Þriðjudaginn 28. apríl 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir varamaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2604418 - Hraunavá á höfuðborgarsvæðinu - Kynning Almanna- og Kynningarmanna.**

Á fund bæjarráðs mættu Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri almanna- og kynningarmannafundar höfuðborgarsvæðisins (AHS) og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almanna- og kynningarmannafundar höfuðborgarsvæðisins (AHS) og kynntu skýrslu langtímahættumats vegna hraunavár.

Hulda Hauksdóttir, deildarstjóri þjónustu og stafrænnar þróunar, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

**2. 2508513 - Ársreikningur Garðabæjar 2025 - endurskoðunarskýrsla.**

Lúðvík Hjalti Jónsson fjármálastjóri gerði grein fyrir skýrslu endurskoðenda varðandi ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2025. Í skýrslunni er gerð grein fyrir framkvæmd endurskoðunar, helstu áherslum, niðurstöðum og öðrum mikilvægum atriðum.

**3. 2602468 - Vesturtún 17 - Umsókn um byggingarheimild.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Þórhalli Helgasyni, kt. 020277-4919, leyfi fyrir stækkun Vesturtúns 17.

**4. 2601206 - Hraunhólar 6A - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ívari Reyni Antonssyni, kt. 050600-2890, leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum að Hraunhólum 6A.

**5. 2604015 - Krókamýri 14 - Umsókn um byggingarheimild.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ásgeiri Sigurði Ágústssyni, kt. 130983-5109, leyfi fyrir viðbyggingu til austurs við núverandi húsbyggingu að Krókamýri 14.

**6. 2601406 - Suðurhraun 1 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Heimum atvinnuhúsnæði ehf., kt.

590404-2410, leyfi til að breyta innra skipulagi rýma 0102, 0103 og hluta af rými 0101 í matshluta 01 að Suðurhrauni 1.

**7. 2306493 - Lautargata 1 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita HHV ehf., kt. 450916-1880, leyfi fyrir breytingu á anddyri húss að Lautargötu 1.

**8. 2602452 - Miðhraun 4 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Heimum atvinnuhúsnæði ehf., kt. 590404-2410, leyfi fyrir innanhúss breytingum að Miðhrauni 4.

**9. 2405295 - Yfirferð tilboða í niðurrif suðurálmú og hluta miðálmú Flataskóla.**

Alls bárust fimm tilboð í verkið. Lægsta tilboð hljóðaði upp á 48 m.kr. og það hæsta 93 m.kr.

Við yfirferð tilboða kom í ljós að tilboð lægstbjóðanda uppfyllti ekki lágmarkskröfur útboðsins og var því vísað frá frekari meðferð, í samræmi við útboðsskilmála og lög nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Næstlægsta tilboð barst frá H2Orku ehf. Fyrirtækið uppfyllir öll skilyrði útboðsins. Bæjarráð samþykkir að gengið verði til samninga við H2Orku ehf. um framkvæmd verksins að fjárhæð 53.500.000 kr. með virðisaukaskatti.

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun

**10. 2604438 - Opnun tilboða í verkið - Stækkun Tónlistarskólans, umsjón og eftirlit.**

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Tónlistarskólinn í Garðabæ - umsjón og eftirlit":

1. Norconsult Ísland ehf., kr. 15.442.500 (84,9%).
2. Verksýn ehf., kr. 16.912.080 (93,0%).
3. VSÓ Ráðgjöf ehf., kr. 17.084.100 (93,9%).
4. EFLA hf., kr. 17.503.500 (96,2%).
5. JTV ehf., kr. 18.104.500 (99,5%).
6. Verkís hf., kr. 19.705.790 (108,4%).
7. Ferill ehf., kr. 20.619.655 (113,4%).

Kostnaðaráætlun verkkaupa kr. 18.186.400. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Norconsult Ísland ehf., að fjárhæð kr. 15.442.500 (84,9% af kostnaðaráætlun).

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

**11. 2601008 - Samfélags- og viðburðahús í Garðabæ.**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs og umhverfissviðs vegna vinnu við þarfagreiningu Samfélags- og viðburðarhúss í Garðabæ.

**12. 2401526 - Holtsbúð 87 - Klaustrið.**

Fyrir liggur að lægstbjóðandi í útboði vegna samstarfs um endurbætur og notkun Holtsbúðar 87 (Klaustrið) hefur ekki enn hrint verkefninu í framkvæmd.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að skoða, í samráði við VSÓ Ráðgjöf hf. sem hefur verið ráðgefandi í málinu, möguleika á framtíðar nýtingu og endurbyggingu Holtsbúðar 87 og gera tillögu til bæjarráðs um framhald málsins.

**13. 2604441 - Þjónustumiðstöð GKG.**

Lagt fram minnisblað vegna viðræðna Kópavogs, Garðabæjar og Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar, vegna uppbyggingar á þjónustumiðstöð fyrir Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar.

**14. 2507256 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2026 - úthlutun styrkja.**

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi tillögu um úthlutun styrkja:

Garðakórinn, kór eldri borgara kr. 500.000.

Kvennaathvarf, kr. 900.000.

Stígamót kr. 900.000.

Kór Vídalínskirkju kr. 300.000.

Örninn - minningar og styrktarsjóður kr. 1.000.000.

UMFÁ herinn - vegna forsetabikarsins kr. 1.000.000.

Bjarkarhlíð kr. 900.000.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 28. apríl 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Rakel Norðfjörð Vilhjálmisdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**16. (2211). fundur 2026**

Þriðjudaginn 5. maí 2026 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir varaformaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Guðný Hrönn Antonsdóttir samskipta- og kynningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2604014 - Golfklúbbur GKG - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar kt. 650394-2089 leyfi til breytinga á innra skipulagi íþróttamiðstöðvar við Vífilstaðaveg.

**2. 2603058 - Útholt 1 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Brútus ehf., kt. 560824-0170, leyfi til byggingar á parhúsi að Útholti 1.

**3. 2603057 - Útholt 3 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Brútus ehf., kt. 560824-0170, leyfi til byggingar á parhúsi að Útholti 3.

**4. 2107272 - Maríugata 5 - Umsókn um byggingarheimild.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Bjargi íbúðarfélagi hses., kt. 490916-0670, leyfi fyrir svalalokun á svalagangi 5. hæðar að Maríugötu 5.

**5. 2512147 - Vífilsstaðir, deiliskipulag, 1.áfangi**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2026 varðandi tillögu að deiliskipulagi 1. áfanga Vífilsstaða sem unnin hafa verið af arkitektastofunni Gláma/Kím í samstarfi við umhverfissvið.

Svæðið sem tillagan nær til er um 2 hektarar að stærð og afmarkast af Spítalavegi til vesturs og suðurs, Vífilsstaðavegi til norðurs og Ungmennafélagsgarði til austurs. Innan skipulagssvæðisins standa gamla fjósið, vélageymsluhús, Búhúsið og starfsmannabústaður austan þess.

Á skipulagssvæðinu er gert er ráð fyrir atvinnuhúsnæði (skrifstofuhúsnæði), sem yrði samanlagt um 6000 m<sup>2</sup> að stærð. Gert er ráð fyrir 10 nýbyggingum í tveimur samstæðum. Auk þess yrðu fjósið, vélageymsluhúsið og Búhúsið nýtt sem atvinnu- eða þjónustuhúsnæði og þau gerð upp með tilhlýðilegri virðingu.

Leitast er við að nýjar byggingar falli sem best að anda staðar og þeim mikilvæga byggingararfi sem fyrirfinnst á Vífilsstöðum. Það á við um stærðir bygginga, þakform, byggðamynstur og yfirbragð. Horft er til þess að rýmið (torgið) norðan Vífilsstaðaspítala haldi sér þó hluti þess sé utan þess svæðis sem deiliskipulagsáfanginn nær til.

Aðkoma verður frá tveimur hringtorgum á Vífilsstaðavegi og verður aðalaðkoma frá hringtorginu næst Reykjanesbraut.

Skipulagsnefnd vísar tillögunum til forkynningar (kynningar á vinnslustigi) í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Halda skal almennan kynningarfund á meðan á forkynningu stendur.

## 6. **2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2026 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Garðahverfis að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsupprætti:

Almennar breytingar:

- Afmarkaðar eru lóðir utan um núverandi byggingar á svæðinu.
- Nýjum lóðum fjölgar alls um 6 á eftirfarandi býlum: Katrínarkoti, Hlíð, Miðengi, Görðum, Nýjabæ og Eystri-Dysjum.
- Nýjar lóðir verða um 900 m<sup>2</sup> að stærð, staðsetningu og lögun lóða og byggingarreita er breytt í kjölfar samráðs við ábúendur eða vegna fornminja.
- Heimreiðum að nýjum lóðum er breytt.

Stígar og aðgengi:

- Bætt öryggi og aðgengi gangandi á gatnamótum Garðavegar og Garðaholtsvegar.
- Hraðalækkandi aðgerðir og gönguþveranir eru tilgreindar á upprætti á þessu svæði.
- Afmörkuð er á upprætti gönguþverun fyrir hraðalækkandi aðgerðir þar sem göngustígur þverar Garðaveg hjá Garðakirkju.
- Bætt er við stofnstíg samhliða Garðavegi og Garðaholtsvegi í samræmi við aðalskipulag.
- Gönguleið meðfram Garðavegi breytt í tengistíg í samræmi við flokkun í aðalskipulagi.
- Flokkun stígsins meðfram ströndinni í Garðahverfi er breytt til samræmis við flokkun hans í aðalskipulagi sem útivistarstíg. Afmörkuð er á upprætti gönguþverun fyrir hraðalækkandi aðgerðir við upphaf sama stígs við Aukatjörn.

Grænigarður, Garðar, Garðaholt og Krókur:

- Afmörkun deiliskipulagssvæðisins er breytt þannig að hún nær einnig yfir gömlu bæjartorfunu Höll.
- Afmörkuð er lóð við húsið Grænagarð.
- Aðkoma að Grænagarði frá kjarna Garðaholts er skilgreind á upprætti og bætt við leiðbeinandi legu stíga innan garðsins. Þá er skilgreindur byggingarreitur innan Grænagarðs með skilmálum fyrir lítil mannvirki sem tengjast starfsemi og rekstri almenningsgarðs s.s. fyrir áhaldageymslu, garðhýsi eða annað.
- Gert er ráð fyrir minjasvæði milli Garðakirkju og íbúðarhúss í Görðum. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsgreinargerð:
- Sett eru ákvæði um smáhýsi á lóðum.
- Hámarksgrunnflötur nýrra íbúðarhúsa verður 100 m<sup>2</sup> í stað 80 m<sup>2</sup>.
- Bætt er við ákvæðum um þakgerð, gerð kvista, matjurtargarð, girðingar ofl.
- Bætt er við ákvæði um að skipulagsnefnd sé heimilt að vikja frá einstökum ákvæðum skilmála ef færð eru góð rök fyrir því að útfærslan virði einkenni byggðarinnar og markmið deiliskipulagsins.
- Kvöðum um fornleifar er breytt.
- Kvöðum um einstök býli breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsupprætti.
- Kvöðum og umfjöllun um Grænagarð er breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsupprætti og á aðalskipulagsupprætti.

Skipulagsnefnd lagði til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni:

- Ein íbúðarhúslóð verði bætt við norðan Pálshúsa, Pálshús 4.
- Landi Nýjabæjar 2 verði skipt upp í tvær íbúðarhúsalóðir, Nýjabæ 2a (núverandi hús) og Nýjabæ 2b (nýtt hús)
- Lögun lóðar umhverfis Grjóta (Hausastaðakot) verði breytt.

Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna með ofangreindum breytingum sem breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðaholts og Garðahverfis og var samþykkt á síðasta fundi nefndarinnar. Voru tillögurnar auglýstar samhliða en hvorki athugasemdir né umsagnir gáfu tilefni til breytingar á aðalskipulagstillögunni.

Lögð fram greinargerð umhverfissviðs þar sem fram kemur innihald þeirra athugasemda og tillaga að svörum Garðabæjar við þeim.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins.

#### 7. **2603238 - Opnun tilboða í verkið "Sláttur og hirðing í Garðabæ 2026-2028".**

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Sláttur og hirðing í Garðabæ 2026-2028":

Útboðssvæði 1:

1. Garðlist ehf., kr. 17.538.999.
2. Garðapjónusta Sigurjóns ehf., kr. 17.671.536.

Kostnaðaráætlun, kr. 29.041.320.

Útboðssvæði 2:

1. Garðlist ehf., kr. 10.944.887.
2. Garðapjónusta Sigurjóns ehf., kr. 9.639.212.

Kostnaðaráætlun kr. 17.446.808.

Útboðssvæði 3:

1. GGP ehf., kr. 8.841.728.
2. Garðlist ehf., kr. 9.383.284.
3. Garðapjónusta Sigurjóns ehf., kr. 5.526.080.

Kostnaðaráætlun kr. 11.052.160.

Útboðssvæði 4 - grasmanir:

1. Garðlist ehf., kr. 14.308.093.
2. Garðapjónusta Sigurjóns ehf., kr. 10.861.906.

Kostnaðaráætlun kr. 14.764.632..

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Garðlistar ehf., að fjárhæð kr. 17.538.999 í útboðssvæði 1.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Garðapjónustu Sigurjóns ehf., að fjárhæð kr. 17.671.536 í útboðssvæði 2.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Garðapjónustu Sigurjóns ehf., að fjárhæð kr.

5.526.080 í útboðssvæði 3.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Garðapjónustu Sigurjóns ehf., að fjárhæð kr. 10.861.906 í útboðssvæði 4 - grasmanir.

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

**8. 2604558 - Útboð - Ásgarður - Nýr gervigrasvöllur.**

Lögð fram útboðs og verklýsing vegna útboðs á nýjum gervigrasvelli við Ásgarð.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi útboðs- og verklýsingu og felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins fyrir hönd Garðabæjar.

**9. 2501543 - Endurnýjun gatna og lagna í Garðabæ.**

Sviðsstjóri umhverfissviðs kynnti stöðu ástandsgreininga og framkvæmdaáætlun vegna endurnýjunar gatna og lagna í Garðabæ.

**10. 2604583 - Grænigarður - viðræður við eigendur.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við eigenda Grænagarðs um möguleg kaup bæjarins á lóðinni Grænagarð við Garðaveg ásamt húsnæði á lóðinni.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ganga til samningaviðræðna við eigendur Grænagarðs um möguleg kaup á eigninni.

**11. 2504403 - Kæra Verkvals ehf. vegna útboðs Garðabæjar, ástandsmat fráveitu, hreinsun og myndun**

Lagður fram úrskurður Kærunefndar útboðsmála í máli nr. 9/2025 - Verkval ehf. gegn Garðabæ þar sem kærandi krafðist þess að felld yrði úr gildi ákvörðun Garðabæjar um að meta tilboð hans ógilt og til vara að kærunefnd léti upp álit sitt á skaðabótaskyldu Garðabæjar gagnvart Verkvali ehf.

Úrskurðarorð kærunefndar voru á þá leið að öllum kröfum kæranda, Verkvals ehf., í málnu var hafnað.

**12. 2502547 - Niðurstöður íbúapings eldra fólks í Garðabæ 2026.**

Sviðsstjóri velferðarsviðs kynnti niðurstöður íbúapings eldra fólks í Garðabæ sem haldið var í Sjalandi 11. mars 2026.

**13. 2603502 - Minnisblað um samþætta heilbrigðis- og félagsþjónustu í Garðabæ.**

Lagt fram minnisblað vegna samtals um samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu, tengt verkefninu "Gott að eldast".

**14. 2604584 - Sumarstörf í Garðabæ 2026**

Lagt fram minnisblað um Sumarstörf í Garðabæ 2026, en alls hafa 271 ráðning í sumarstörf verið settar í ráðningarferli með ráðningum á stofnanir bæjarins.

**15. 2604560 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga fyrir dansíþróttaviðburð í Mýrinni.**

Í umsókninni er farið fram á tímabundið áfengisleyfi fyrir Íþróttahúsið Mýrina vegna dansíþróttaviðburðar dagana 13. til 14. júní 2026.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

**16. 2604536 - Boð á ársfund Náttúruhamfaratryggingar Íslands, NTÍ þann 21.05.26.**

Lagt fram ársfundarboð Náttúruhamfaratrygginga Íslands, sem haldinn verður fimmtudaginn 21. maí 2026.

**17. 2604463 - Erindi Alþingis varðandi frumvarp til loftslagslaga, 595 mál, dags. 24.04.26.**

Lagt fram.

Fleira ekki gert,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 5. maí 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Guðlaugur Kristmundsson, (sign)

**Leikskólanefnd Garðabæjar**  
**40. fundur 2026**

Miðvikudaginn 22. apríl 2026 kl. 08:15 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Maria Eugenia Aleman Henriquez varamaður, Eydís Sigurðardóttir varamaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi og Ingi Örn Jónsson fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2604306 - Innritun í leikskóla 2026**

Hanna H Leifsdóttir leikskólafulltrúi gerði grein fyrir stöðu innritunar barna í leikskóla fyrir haustið 2026.

Innritun hefur gengið mjög vel og búið er að bjóða öllum börnum sem fædd eru í september 2025 leikskólapláss. Vonir standa til að einnig verði hægt að úthluta börnum sem fædd eru í október 2025 leikskólapláss.

**2. 2601141 - Þróunarsjóður leikskóla 2026 - 2027**

Úthlutað var úr Þróunarsjóði leikskóla fyrir skólaárið 2026-2027. Leikskólanefnd leggur til við bæjarráð að samtals 9.000.000 króna verði úthlutað úr sjóðnum, í samræmi við reglur hans. Alls bárust átta styrkumsóknir og var sótt um styrk fyrir samtals 12.747.000 krónur. Umsækjendur komu á fund nefndarinnar og kynntu verkefni sín. Allar umsóknir voru teknar til afgreiðslu og fengu sjö verkefni styrk. Nefndin þakkar fyrir fjölbreyttar og áhugaverðar umsóknir sem endurspeglar framsýni og metnað í leikskólastarfi Garðabæjar.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks**  
**2. fundur 2026**

Fimmtudaginn 16. apríl 2026 kl. 09:00 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Kristín Einarsdóttir formaður, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Pála Marie Einarsdóttir deildarstjóri og Snædís Björnsdóttir lögfræðingur.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2509271 - Frístundapjónusta fatlaðra barna og ungmenna**

Upplýsingar um stöðu framkvæmda vegna frístundapjónustu fatlaðra ungmenna lagðar fram til kynningar.

**2. 2410319 - Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti**

Staða verkefnis tengt búsetukjarna fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti lagt fram til kynningar og umræðu.

**3. 2311400 - Hjólreiðastefna Garðabæjar**

Hjólreiðastefna Garðabæjar lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

## Skipulagsnefnd Garðabæjar 8. fundur 2026

Fimmtudaginn 30. apríl 2026 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Sigþrúður Ármann varamaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 2604522 - Vetrarmýri - Breyting á deiliskipulagi

Sigurður Einarsson arkitekt hjá Batteríinu ehf gerði grein fyrir hugmyndum Arnarhvals, sem er uppbyggingaraðili í Vetrarmýri, sem munu kalla á breytingu á deiliskipulagi Vetrarmýrar miðsvæði. Skipulagsnefnd vísar hugmyndum til skoðunar hjá umhverfissviði og ráðgjöfum.

### 2. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi og mótuð hefur verið með hliðsjón af þeim ábendingum og umsögnum sem borist hafa í forkynningu tillögunnar sem fór fram í byrjun árs með fresti til 11.febrúar. Almennur kynningarfundur var haldinn í Álftanesskóla þann 14. janúar sem var vel sóttur.

Tillagan hlaut forkynningu samhliða tillögu að deiliskipulagi Norðurness sem nær til sama svæðis.

Sú breyting hefur verið gerð frá forkynntri tillögu að landnotkunarreitir við Eyvindarholt, 1.11 Vþ minnkar úr 1,3 ha í 0,3 ha þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir golfskála norðaustan Eyvindarholts né stækkunarmöguleika á gistihúsi á Eyvindarholti 1 yfir á land Eyvindarholts 2.

Helstu breytingar sem tillagan gerir ráð fyrir eru eftirfarandi:

- Íþróttasvæði 1.07 Íþ(golfvöllur) stækkar, breytir um lögun og við það bætast nýir reitir austan Eyvindarholts og austan Kasthúsatjarnar.
- Íþróttasvæði 1.02 Íþ (hesthúsabyggð) á Eyri er fellt út.
- Íbúðarbyggð 1.05, 1.06 Íb og 1.10 Íb stækka og breyta lögun.
- Íbúðarbyggð bætist við vestan Blikastígs, 1.36 Íb
- Íbúðarbyggð verður felld út umhverfis Eyvindarholt og Breiðabólstaði og Grund.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu verður umhverfis Breiðabólstaði og Grund. Ekki verður þó heimilt að reka þar veitingahús.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu verður umhverfis fyrrverandi útihús austan Breiðabólstaðatjarnar.
- Svæði fyrir verslun og þjónustu verður á landi Eyvindarholts 1.
- Hverfisvernd við Bessastaðatjörn breytir um lögun, minnkar norðan við tjörnina en stækkar á Eyri.
- Hverfisvernd við Kasthúsatjörn stækkar.

- Hverfisvernd við Breiðabólstaðatjörn stækkar og nær einnig til Breiðabólstaðatúns.
- Svæði fyrir iðnað 1.41 I verður staðsett norðan landnotkunarreit fyrir hafnarsvæði vegna fyrirhugaðrar dælustöðvar fráveitu.
- Umfjöllun í kafla 3.3.3 í greinargerð aðalskipulagsins um skilgreind byggingarsvæði og íbúðafjölda breytist og gerir ráð fyrir hámarksfjölda íbúða á Álftanesi allt að 1.400 í stað 1.100. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til meðferðar hjá nýrri skipulagsnefnd að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

### 3. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi sem mótuð hefur verið með hliðsjón af þeim ábendingum og umsögnum sem borist hafa í forkynningu tillögunnar sem fór fram í byrjun árs með fresti til 11. febrúar. Almennur kynningarfundur var haldinn í Álftanesskóla þann 14. janúar sem var vel sóttur.

Tillagan hlaut forkynningu samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til sama svæðis.

Tillagan nær til Breiðabólstaðasvæðis, Eyrar, Kasthúsatjarnar og svæðisins umhverfis Eyvindarholt, Stekk, Asparvík og Tjörn, allt að landamörkum við Bessastaði og Akurgerði. Innan deiliskipulagsvæðis er nyrðri helmingur Bessastaðatjarnar, Kasthúsatjörn og Breiðabólstaðatjörn.

Skipulagssvæðið er um 124 hektarar að flatarmáli. Stærstur hluti þess er í einkaeigu.

Tillagan er unnin af Landslagsarkitektastofunni Landslag ehf og Arkitektastofunni Arkís ehf.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar frá forkynntri tillögu og eru þær helstar:

- Íbúðareiningum hefur verið fækkað að lágmarki um 20
- Raðhús verða á einni hæð í stað tveggja og grunnflötur þeirra stækkar.
- Hámarks mænishæð einbýlishúsa lækkar.
- Parhús vestan Blikastígs verða einnar hæðar án rishæðar. Þök skulu vera lögð torfi.
- Hámarks mænishæð tveggja hæða parhúsa lækkar.
- Aðkomu að parhúsagötu vestan Blikastígs breytt og nú gert ráð fyrir hringtorgi.
- Fyrirkomulagi bílastæða við Hlöðuna breytt til aðlögunar að því sem til staðar er.
- Staðsetning golfskála breytist, verður austan gatnamóta Norðurnesvegjar og Jörfavegar í stað staðsetningar norðaustan Eyvindarholts.
- Ekki er lengur gert ráð fyrir stækkunarmöguleika gistihúss á Eyvindarholti 1 til suðurs inn á land Eyvindarholts 2.

Framlögð tillaga gerir ráð fyrir eftirfarandi:

- Íbúðarbyggð verður á Breiðabólstaðasvæði sem gerir alls ráð fyrir að hámarki 137 íbúðareiningum í sérbýli. (54 einbýlishúseiningar, 51 raðhúseining og 32 parhúseiningar). Á Norðurnesi eru alls 38 einbýlishús fyrir og verður samanlagður fjöldi því að hámarki 175 húseiningar.
- Golfvöllur verður norðan og vestan Bessastaðatjarnar og vestan Jörfavegar. Gert verður ráð fyrir 9 holu velli og æfingarsvæði en golfvöllurinn verður hannaður í kjölfar staðfestingar deiliskipulags innan þess svæðis sem skilgreint er sem golfvallarsvæði í deiliskipulaginu.
- Lóðir fyrir einnar hæðar einbýlishús bætast við hjá Asparvík og Tjörn.
- Lóð fyrir hverfisstöð þjónustumiðstöðvar Garðabæjar verður skilgreind þar sem áhaldahús er fyrir.
- Gert er ráð fyrir landfyllingum og sjóvörnum norðan Blikastígs til að verja núverandi byggð fyrir ágangi sjávar og auka rými vegna útivistarstíga og reiðstíga sem gert er ráð fyrir að verði á milli íbúðarhúsabyggðar og sjóvarnargarðs.
- Gert er ráð fyrir stígakerfi með stofnstígum, útivistarstígum og reiðstígum.
- Gert er ráð fyrir lítilli aðstöðuhöfn nyrst og austast á Eyri ásamt dælustöð vegna fyrirhugaðrar

Skerjafjarðarfráveitu.

- Gert er ráð fyrir manngerðum hólum í Bessastaðatjörn undan tjarnarbakka að norðanverðu til stuðnings fuglalífi.
- Gert er ráð fyrir að mynda tjarnir nyrst á Eyri til stuðnings fuglalífi.
- Gert er ráð fyrir leiksvæðum inni í byggð eða við jaðar hennar.
- Gert er ráð fyrir aðalaðkomuvegi að svæðinu um Jörfaveg, sem liggur frá Norðurnesvegi.
- Gert er ráð fyrir einum aðkomuveg að Stekk, Tjörn, Asparvík og Eyvindarholti 1, frá Norðurnesvegi.

Umsögn Vegagerðarinnar, (sem fer með siglinga-og hafnarmál, þ.m.t. varnir gegn sjávarflóðum og landbroti) dags. 12. febrúar 2026 liggur fyrir og þar kemur fram að lágmarksgólfkóti Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem er 5,2 metrar yfir sjávarmáli uppfyllir viðmið Vegagerðarinnar sem miðar við 5,15 mys.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til meðferðar hjá nýrri skipulagsnefnd að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Hlynur Bæringsson leggur fram eftirfarandi bókun fyrir hönd B-listans í Garðabæ:

Norðurnes Álfanes er á skilgreindu sjávarflóðasvæði. Deiliskipulagstillagan tekur ekki mið af hættu á áhrifum sjávarflóða og ölduágangs á þá íbúðabyggð sem fyrirhuguð er. Á ekki aðeins við um gólfkóta bygginga, heldur líka vegi, veitur, lagnir og aðra innviði. Áður en haldið verður áfram með þessar skipulagshugmyndir er nauðsynlegt að fá hættumat frá Veðurstofu og frekara álit Vegagerðarinnar sem sér um sjóvarnir. Vitað er að sjávarstaða getur hækkað um allt að 50-70 cm á næstu 100 árum. Garðabær er ekki í landþröng og nóg er til af góðu byggingarlandi undir sérbyli og sem stendur hærra. Einnig á Álfanesi. Norðurnesið hentar hins vegar vel fyrir golfvöll og aðra útivist, þó sjór geti farið yfir svæðið í vetrarveðrum.

Björg Fenger leggur fram eftirfarandi bókun fyrir hönd D-listans í Garðabæ:

Við mótun deiliskipulagstillögu Norðurness hefur verið tekið tillit til þeirra viðmiða um land og gólfhæðir, sem hafa hliðsjón af loftslagsbreytingum og hækkandi sjávarstöðu og hafa verið aðgengilegar hverju sinni. Í því samhengi er mikilvægt að halda til haga að lágmarksgólfkóti Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030, sem er 5,2 m.y.s., uppfyllir viðmið Vegagerðarinnar sem miða við 5,15 m.y.s. sbr. umsögn Vegagerðarinnar frá 12. febrúar síðastliðnum. Mikilvægt er að skipulag Norðurness öðlist gildi í upphafi næsta kjörtímabils, þannig að hönnun og uppbygging golfvallarins sem stefnt hefur verið að um árabíl geti hafist.

#### 4. **2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.**

Lögd fram tillaga að breytingu deiliskipulags Garðahverfis að lokinni auglýsingu ásamt þeim athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsuppdrætti:

Almennar breytingar:

- Afmarkaðar eru lóðir utan um núverandi byggingar á svæðinu.
- Nýjum lóðum fjölgar alls um 6 á eftirfarandi býlum: Katrínarkoti, Hlíð, Miðengi, Görðum, Nýjabæ og Eystri-Dysjum.
- Nýjar lóðir verða um 900 m<sup>2</sup> að stærð, staðsetningu og lögun lóða og byggingarreita er breytt í kjölfar samráðs við ábúendur eða vegna fornminja.
- Heimreiðum að nýjum lóðum er breytt.

Stígar og aðgengi:

- Bætt öryggi og aðgengi gangandi á gatnamótum Garðavegar og Garðaholtsvegar. Hraðalækkandi aðgerðir og göngubveranir eru tilgreindar á uppdrætti á þessu svæði.
  - Afmörkuð er á uppdrætti göngubverun fyrir hraðalækkandi aðgerðir þar sem göngustígur þverar Garðaveg hjá Garðakirkju.
  - Bætt er við stofnstíg samhliða Garðavegi og Garðaholtsvegi í samræmi við aðalskipulag.
  - Gönguleið meðfram Garðavegi breytt í tengistíg í samræmi við flokkun í aðalskipulagi.
  - Flokkun stígsins meðfram ströndinni í Garðahverfi er breytt til samræmis við flokkun hans í aðalskipulagi sem útivistarstíg. Afmörkuð er á uppdrætti göngubverun fyrir hraðalækkandi aðgerðir við upphaf sama stígs við Aukatjörn.
- Grænigarður, Garðar, Garðaholt og Krókur:
- Afmörkun deiliskipulagssvæðisins er breytt þannig að hún nær einnig yfir gömlu bæjartorfunu Höll.
  - Afmörkuð er lóð við húsið Grænagarð.
  - Aðkoma að Grænagarði frá kjarna Garðaholts er skilgreind á uppdrætti og bætt við leiðbeinandi legu stíga innan garðsins. Þá er skilgreindur byggingarreitur innan Grænagarðs með skilmálum fyrir lítil mannvirki sem tengjast starfsemi og rekstri almenningsgarðs s.s. fyrir áhaldageymslu, garðhýsi eða annað.
  - Gert er ráð fyrir minjasvæði milli Garðakirkju og íbúðarhúss í Görðum. Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum á deiliskipulagsgreinargerð:
  - Sett eru ákvæði um smáhýsi á lóðum.
  - Hámarksgrunnflötur nýrra íbúðarhúsa verður 100 m<sup>2</sup> í stað 80 m<sup>2</sup>.
  - Bætt er við ákvæðum um þakgerð, gerð kvista, matjurtargarð, girðingar ofl.
  - Bætt er við ákvæði um að skipulagsnefnd sé heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum skilmála ef færð eru góð rök fyrir því að útfærslan virði einkenni byggðarinnar og markmið deiliskipulagsins.
  - Kvöðum um fornleifar er breytt.
  - Kvöðum um einstök býli breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsuppdrætti.
  - Kvöðum og umfjöllun um Grænagarð er breytt til samræmis við breytingartillögur á deiliskipulagsuppdrætti og á aðalskipulagsuppdrætti.

Skipulagsnefnd leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á tillögunni:

- Ein íbúðarhúslóð verði bætt við norðan Pálshúsa, Pálshús 4.
- Landi Nýjabæjar 2 verði skipt upp í tvær íbúðarhúsalóðir, Nýjabæ 2a (núverandi hús) og Nýjabæ 2b (nýtt hús)
- Lögun lóðar umhverfis Grjóta (Hausastaðakot) verði breytt.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með ofangreindum breytingum sem breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan er í samræmi við tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Garðaholts og Garðahverfis og var samþykkt á síðasta fundi nefndarinnar. Voru tillögurnar auglýstar samhliða en hvorki athugasemdir né umsagnir gáfu tilefni til breytingar á aðalskipulagstillögunni.

Lögð fram greinargerð umhverfissviðs þar sem fram kemur innihald þeirra athugasemda og tillaga að svörum Garðabæjar við þeim.

Baldur Ó. Svavarsson leggur fram eftirfarandi bókun fyrir hönd G-listans í Garðabæ:

Fulltrúi Garðabæjarlistans ítrekar enn fyrri bókanir og mótmælir enn þeim áherslum og vinnubrögðum sem lögð eru til grundvallar við gerð svokallaðs skipulags fyrir Garðahverfi á Gaðaholti.

Nú er það að raungerast sem undirritaður óttaðist og varaði við þegar í upphafi með bókun þegar þessi skipulagsgjörningur var kynntur og samþykktur. Þá varaði ég ítrekað m.a. við nákvæmlega því sem hér er að gerst, að húsum á bæjartorfunum sem hér fjallað um, myndi fjölga smám saman og grunnflöturinn þeirra stækka þar til framkallaðist undarlega samsett og óskipulögð þyrping húsað um öll tún á svæðinu og í framhaldi meðfylgjandi fasteigna brask í anda þekkra

hverfa hér í bæ. Þá verður of seint að snú við. Framlögð tillaga er auk þess ekki gott skipulag, heldur í besta falli tilviljanakennd og sístækkandi óreiða.

Minni jafnframt á fyrri bókanir um þetta sama mál; sú fyrsta á fundi skipulagsnefndar 11. janúar 2012.

Björg Fenger leggur fram eftirfarandi bókun fyrir hönd D-listans í Garðabæ:

Deiliskipulag Garðahverfis tók gildi árið 2013. Skipulagssvæðið tekur til 85 ha af um 250 ha svæði Garðaholts og Garðahrauns. Í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016?2030 er Garðahverfið skilgreint sem landbúnaðarsvæði þar sem lögð er áhersla á vernd menningar- og náttúruminja enda hefur þar varðveist einstakt búsetulandslag, sem á rætur allt aftur til miðalda.

Markmið breytinganna nú er að laga lóðafyrirkomulag, byggingarreiti og byggingarskilmála að þörfum uppbyggingar á svæðinu, í kjölfar samráðs við ábúendur, þannig að þeir styðji við og styrki þau verndarsjónarmið sem liggja til grundvallar í deiliskipulaginu.

#### 5. **2512147 - Vífilsstaðir, deiliskipulag, 1.áfangi**

Lögð fram drög að tillögu að deiliskipulagi 1. áfanga Vífilsstaða sem unnin hafa verið af arkitektastofunni Gláma/Kím í samstarfi við umhverfissvið.

Svæðið sem tillagan nær til er um 2 hektarar að stærð og afmarkast af Spítalavegi til vesturs og suðurs, Vífilsstaðavegi til norðurs og Ungmennafélagsgarði til austurs. Innan skipulagssvæðisins standa gamla fjósið, vélageymsluhús, Búhúsið og starfsmannabústaður austan þess.

Á skipulagssvæðinu er gert er ráð fyrir atvinnuhúsnæði (skrifstofuhúsnæði), sem yrði samanlagt um 6000 m<sup>2</sup> að stærð. Gert er ráð fyrir 10 nýbyggingum í tveimur samstæðum. Auk þess yrðu fjósið, vélageymsluhúsið og Búhúsið nýtt sem atvinnu- eða þjónustuhúsnæði og þau gerð upp með tilhlýðilegri virðingu.

Leitast er við að ný byggð falli sem best að anda staðar og þeim mikilvæga byggingararfi sem fyrirfinnst á Vífilsstöðum. Það á við um stærðir bygginga, þakform, byggðamynstur og yfirbragð. Horft er til þess að rýmið (torgið) norðan Vífilsstaðaspítala haldi sér þó hluti þess sé utan þess svæðis sem deiliskipulagsáfanginn nær til.

Aðkoma verður frá tveimur hringtorgum á Vífilsstaðavegi og verður aðalaðkoma frá hringtorginu næst Reykjanesbraut.

Skipulagsnefnd vísar tillögunum til forkynningar (kynningar á vinnslustigi) í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Halda skal almennan kynningarfund á meðan á forkynningu stendur.

#### 6. **2602301 - Dalprýði 13 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum á íbúðarhúsinu að Dalprýði 13 að lokinni grenndarkynningu. Ein athugasemd barst á kynningartíma. Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

#### 7. **2604512 - Arnarland - Deiliskipulagsbreytingar**

Lögð fram umsókn uppbyggingaraðila í Arnarlandi um ýmsar breytingar á deiliskipulagi. Skipulagsnefnd vísar umsókn til skoðunar hjá umhverfissviði.

#### 8. **2505198 - Móaföt 12 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi**

Lögð fram umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir einbýlishúsið að Móaföt 12 sem gerir m.a. ráð fyrir því að engin bílageymsla verði í húsinu.

Skipulagsnefnd getur ekki fallist á að ekki sé gert ráð fyrir bílageymslu eins og deiliskipulag Flata kveður á um.

**9. 2604236 - Græn svæði háholt Hnoðrahólts - Hönnun**

Skipulagsnefnd leggur til að umhverfissvið hefji undirbúning við útfærslu á opnu svæði efst á Hnoðraholti sem aðlaðandi útivistarsvæðis í miðri íbúðarbyggð. Skoða þarf hvort tillögur muni kalla á breytingar á deiliskipulagi.

**10. 2604437 - Melás 8 - Fyrirspurn til umhverfissviðs**

Lögð fram fyrirspurn um breytingar á íbúðarhúsinu að Melás 8. Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

**11. 2604082 - Stöðuleyfi fyrir matvagn - Fyrirspurn til umhverfissviðs**

Lögð fram umsókn um stöðuleyfi fyrir matvagn. Máli vísað til frekari skoðunar hjá umhverfissviði.

**12. 2602186 - Sauna í Garðabæ - Fyrirspurn til umhverfissviðs**

Lögð fram fyrirspurn um stöðuleyfi fargufu við Ránargrund 2. Skipulagsnefnd vísar málinu til skoðunar hjá umhverfissviði.

**13. 2604037F - Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 5**

13.1 2512465 - Kirkjulundur 11 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 3

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi ásamt umsögn Minjastofnunar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemdi við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlögð gögn.

13.2 2512239 - Skerpluholt 2 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður að lokinni grenndarkynningu, engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

13.3 2202488 - Deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalahólts. Golfvöllur og útivistarskógur.

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalahólts, íþrótt- og útivistarsvæði, sem tekur til skipulagsmarka. Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við 2. ml. 3. mgr. 44. gr. sömu laga er grenndarkynning felld niður. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

#### 14. 2603042F - Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

14.1 2603328 - Hátún 1 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

##### Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn vegna skólskála og skjólveggja við Hátún 1. Hvað skjólveggi varðar þá er Garðabær í þessu tilfalli ekki aðliggjandi lóðarhafi, nema á þeim hluta lóðarinnar sem snýr að húsagötunni Hátúni en leita skal samþykkis aðliggjandi lóðarhafa vegna frágangs á lóðarmörkum. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við girðingu á lóðarmörkum sem er allt að 1,2 m á hæð og snýr að húsagötu. Hvað sólskála varðar gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis vegna sólskála sem staðsettur er innan byggingarreits. Nái sólkáli útfyrir byggingarreit skal hámarksbreidd og lengd sólstofu vera 4 m, sjá ákvæði í deiliskipulagi Túnahverfis sem tekur á sólstofum.

14.2 2602468 - Vesturtún 17 - Umsókn um byggingarheimild - Fl. 1

##### Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi vegna viðbyggingar við Vesturtún 17. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti.

14.3 2305322 - Kumlamýri 24 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

##### Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um frágang á lóð og lóðarmörkum. Máli vísað til frekari skoðunar.

14.4 2305315 - Kumlamýri 22 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

##### Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram fyrirspurn um frágang á lóð og lóðarmörkum. Máli vísað til frekari skoðunar.

14.5 2604185 - sjóvarnir við Golfklúbb Álftaness

##### Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4

Lögð fram umsókn um framkvæmdarleyfi vegna sjóvarna við Golfklúbb Álftaness. Um lausnir til bráðabirgða er að ræða. Skipulagsstjóri samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis fyrir bráðabirgða sjóvörnum við Golfklúbb Álftaness sem er í samræmi við framlögð gögn í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

14.6 2604002 - Breiðás 11 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4**

Lögð fram fyrirspurn um fjölgun bílastæða að lóðinni Breiðás 11 úr þremur í fjögur. Skipulagsstjóri vísar tillögu að deiliskipulagsbreytingu þess efnis til grenndarkynningar sem óverulegri breytingu deiliskipulags Ása og Grunda í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Grenndarkynna skal lóðarhöfum við Breiðás 9 og 10.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

- 14.7 2601206 - Hraunhólar 6A - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4**

Lagðir fram uppfærðir uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi fyrir Hraunhóla 6a sem viðbrögð við athugasemdum sem bárust við grenndarkynningu. Hús hefur verið lækkar sem nemur einni hæð og bílageymsla er alfarið innan byggingarreits. Bygging er því í fullu samræmi við deiliskipulag Hraunsholts eystra.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

- 14.8 2603407 - Espilundur 5 - Umsókn um byggingarheimild - Fl. 1

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4**

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsóknum byggingarleyfi við Espilundur 5. Umsóknin felur í sér viðbyggingu, þar sem áður var samþykktur sólskáli.

Þar sem viðbygging stendur utan gildandi byggingarreits kallar umsóknin á óverulega breytingu á deiliskipulagi Lunda.

- 14.9 2603057 - Útholt 3 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4**

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti.

- 14.10 2603058 - Útholt 1 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4**

Lagðir fram uppdráttir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrátti.

- 14.11 2603213 - Búsetukjarni við Haustbraut - Lagnir og jarðvinna - Framkvæmdarleyfi

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4**

Lögð fram umsókn um framkvæmdarleyfi jarð- og lagnavinnu á búsetukjarnalóð á háholti Hnoðrahólts. Skipulagsstjóri samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis sem er í samræmi við framlögð gögn í samræmi við 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

14.12 2306493 - Lautargata 1 - Umsókn um byggingarleyfi - Fl. 2

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4**

Lögð fram umsókn um breytingu á áður samþykktum aðaluppdráttum fyrir Lautargötu 1. Breytingin felur í sér til að mynda tilfærslu á aðalinngangi af 2. hæð, niður á 1. hæð. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við framlagða uppdrætti.

14.13 2107272 - Mariugata 5 - Umsókn um byggingarheimild - Fl. 1

**Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 4**

Lagðir fram uppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi vegna svalaskjólis á svalagang 5. hæðar fjölbýlishúss við Mariugötu 5. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

Formaður skipulagsnefndar þakkaði nefndarmönnum og embættismönnum kærlega fyrir samstarfið á því kjörtímabili sem nú er að ljúka.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð skipulagsnefndar Garðabæjar fimmtudaginn 30. apríl 2026 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra nefndarmanna.

---

---

---

---

---

---

---

---

**Umhverfisnefnd Garðabæjar**  
**34 (22-26). fundur 2026**

Miðvikudaginn 15. apríl 2026 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Greta Ósk Óskarsdóttir aðalmaður, Eyþór Eðvarðsson aðalmaður, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Björk Jóhannsdóttir verkefnastjóri og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Linda Björk Jóhannsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2604143 - Mengunarmælingar 2026**

Lagt fram.

**2. 2604141 - Hreinsunarátak 2026**

Hreinsunarátak verður með sama sniði og undanfarin ár og mun fara fram dagana 20.apríl-4.maí.

**3. 2604142 - Vorhreinsun lóða 2026**

Vorhreinsun lóða í Garðabæ verður með sama sniði og undanfarin tvö ár, þar sem gámum verður komið fyrir á ríflega 30 stöðum í bænum sem taka á móti garðaúrgangi sem íbúar koma sjálfir í gámana. Vorhreinsun lóða fer fram 8. - 26. maí.

**4. 2311400 - Hjólreiðastefna Garðabæjar**

Lagt fram.

**5. 2509209 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir sauna hús**

Lögð hefur verið fram umsókn um tímabundið stöðuleyfi til sex mánaða fyrir færanlegu sauna húsi nálægt friðlandi Vífilsstaðavatns. Sú staðsetning sem lögð er til er utan friðlands.

Umhverfi Vífilsstaðavatns er mikið notað til útivistar og er eftirsóknarverður áningarstaður fyrir bæjarbúa. Vífilsstaðavatn og nágrenni var friðlýst sem friðland árið 2007. Friðlýsingin tekur til Vífilsstaðavatns og svæðis í kring. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda vatnið og lífríki þess, tryggja svæðið sem útivistarsvæði og veita almenningi aðgang að ósnortinni náttúru í þéttbýli.

Lífríki Vífilsstaðavatns er talið einstakt á heimsvísu. Friðlýsingunni er ætlað að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands vatnsins og styrkja verndun tegunda og samfélagsgerðar með sérstæðum stofnum bleikju, urriða, áls og hornsíla í vatninu. Hornsílin í vatninu eru mjög sérstök þar sem þau skortir kviðgadda. Töluvert af andfuglum verpa við vatnið og mófuglar umhverfis það.

Umhverfisnefnd hefur umsjón og eftirlit með svæðinu og vill áréttta að tímabundin staðsetning sauna húss við rætur friðlands geti haft neikvæð áhrif á friðlandið. Samkvæmt

friðlýsingarskilmálum er óheimilt að trufla dýralíf og raska lífríki í friðlandinu og leggur nefndin ríka áherslu á að gestir friðlandsins fari ekki út í vatnið. Umhverfisnefnd telur mikilvægt að starfsemin raski ekki aðgangi almennings að svæðinu og tryggt verði að starfsemin skilji ekki eftir ummerki.

Þá leggur umhverfisnefnd til að unnt verði að rifta stöðuleyfi komi í ljós að starfsemin standist ekki skilmála friðlýsingar.

#### **6. 2602150 - Reykjanesfólkvangur - friðlýsingarskilmálar**

Valkostir vegna endurskoðunar á friðlýsingu Reykjanesfólksvangs kynntir.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Velferðarráð Garðabæjar**  
**4. fundur 2026**

Föstudaginn 17. apríl 2026 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Raket Steinberg Sölvadóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Snædís Björnsdóttir lögfræðingur og Pála Marie Einarsdóttir deildarstjóri.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2603149 - Umsókn um fjárhagsaðstoð**

Ákvörðun velferðarsviðs er staðfest. Nánar er fjallað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

**2. 2307282 - Beiðni um milliflutning**

Samþykkt er að nýta heimild 3. mgr. 11. gr. reglna Garðabæjar um félagslegt leiguhúsnaði. Nánar er fjallað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

**3. 2410319 - Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti**

Staða búsetuúrræðis fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti lögð fram til kynningar og umræðu. Teikningar af búsetukjarnanum hafa verið kynntar fyrir samráðshópi um málefni fatlaðs fólks. Fyrsta skóflustunga að búsetukjarnanum verður tekin í dag, 17. apríl 2026.

**4. 2101189 - Samráðsfundur velferðarsviða hjá SSH**

Fundargerð samsráðsfundar velferðarsviða hjá SSH 18. mars 2026 lögð fram til kynningar.

**5. 2601351 - Hönnun - Útboð -Lambamýri 2. áfangi - Frístundaþjónusta fyrir fötluð ungmenni**

Velferðarráð lýsir yfir ánægju með góðan framgang verkefnisins.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

## Öldungaráð 2. fundur 2026

Mánudaginn 27. apríl 2026 kl. 08:00 kom öldungaráð saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Eysteinn Haraldsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Anna Ragnheiður Möller aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Margrét Björnsdóttir aðalmaður, Sæbjörg Einarsdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu og Sólveig Valgeirsdóttir forstöðumaður.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 2311400 - Hjólreiðastefna Garðabæjar

Hjólreiðastefna Garðabæjar sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 19. mars 2026, lögð fram til kynningar. Öldungaráð lýsir yfir almennri ánægju með stefnuna sem er vel unnin og framsækin.

### 2. 2502547 - Íbúáþing eldra fólks 2026

Niðurstöður íbúáþings eldra fólks, frá 11. mars lagðar fram til kynningar og umræðu. Almenn ánægja var með umgjörð, framkvæmd og skipulag fundarins og þá vinnu sem lagt var upp með þar. Unnið var í borðavinnu þar sem meðal annars var rætt um búsetu og umhverfi, heilsu og vellíðan, stuðning og þjónustu sveitarfélagsins auk félagslegrar virkni og þátttöku í samfélaginu. Í niðurstöðum íbúáþings liggja fyrir margar ábendingar og tillögur um þætti sem eldra fólk vill leggja áherslu á til framtíðar. Horft verður til þessara lykiláherslna og tillagna við mótun og endurskoðun á stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum eldra fólks til næstu ára. Öldungaráð leggur áherslu á að niðurstöður íbúáþings verði kynntar sem allra fyrst.

### 3. 2604385 - Kynning á starfsemi félagsmiðstöðva eldra fólks í Garðabæ

Sólveig Valgeirsdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðva eldra fólks í Garðabæ kynnti starfsemi sem framundan er í félagsmiðstöðvum eldra fólks í Garðabæ.

### 4. 2603502 - Samþætting heilbrigðis- og félagsþjónustu í Garðabæ

Farið yfir minnisblað tengt samþættri heimahjúkrun og félagslegri þjónustu. Öldungaráð styður það eindregið að farið verði í að skoða grundvöll þess að samþætta heilbrigðis- og félagsþjónustu í Garðabæ.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**44. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs,  
Mosfellsbæjar og Seltjarnarness**  
**Dagsetning: 27.4.2026**  
**Fundartími: 16:30 – 18:00**

**Mætt til fundar:**

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

**Starfsmenn fundarins:**

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

**Dagskrá fundarins:**

**1. Dagskrárlíður: Umsögn heilbrigðisnefndar um frumvarp um stofnun atvinnuveganna**  
Lögð fram bókun heilbrigðisnefndar sem kynnt var í samráðsgátt Alþingis um stofnun atvinnuveganna. Heilbrigðisnefnd telur að fyrirhuguð breyting á skipulagi opinbers eftirlits sé illa undirbúin og byggð á ófullnægjandi forsendum. Frumvarpið leysir ekki þann vanda sem það á að bregðast við og skapar jafnframt nýja óvissu um framkvæmd, ábyrgð og gæði eftirlits. Alls óvíst er hverjar afleiðingar breytinganna verða gagnvart neytendavernd, gæðum og öryggi matvæla. Rauuveruleg hættu er á þjónusturofi og veikara viðbragðskerfi þar sem viðbrögð við ýmiskonar vá sem steðjar að öryggi matvæla s.s. matarsýkinga eða annarra ófyrirséðrar áhættu, verði ómarkvissari og svifaseinni. Það er að mati heilbrigðisnefndar ekki skynsamlegt að fara í tilraunastarfsemi á fyrirkomulagi opinbers eftirlits með matvælum og horfa frá því skipulagi sem er við haft í þeim löndum sem við berum okkur saman við, þar sem áhersla er lögð á að matvælaeftirlit sé framkvæmt af aðilum sem hafa staðþekkingu og geta brugðist fljótt við, enda séu almannahagsmunir í húfi.  
*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

**2. Dagskrárlíður: Umsögn heilbrigðisnefndar um frumvarp um einföldun regluverks varðandi hollustuhætti og mengun**

Lögð fram bókun heilbrigðisnefndar um frumvarp um einföldun regluverks varðandi einföldun regluverks í samráðsgátt Alþingis.

Samkvæmt frumvarpinu er sveitarfélögum heimilt að semja drög að samþykktum um bann eða takmörkun gæludýrahalds og húsdýrahalds, og meðferð úrgangs og skolps. Þrátt fyrir að búið sé að bæta við frumvarpið ákvæði um að sveitarstjórn geti farið með valdsvið og heimildir til beitingar þvingunarúrræða, þá eru úrræði sveitarfélaga veik til þvingunar eða sektarákvæða og viðbúið að erfiðara verður að framfylgja samþykktum sem verða sett á grundvelli þessara lagagreinar. Þá er alls óvíst hvaða valdheimildir sveitarfélög hafa til að fjarlægja lausamuni, númerlausar bifreiðir og sambærilega hluti. Samþykktir um vatnsverndarsvæði sveitarfélaganna eru settar í samræmi við

reglugerðir um neysluvatn, sem sett er á grundvelli laga um hollustuhætti. Alls óvíst er með hvaða hætti eftirlit og heimildir um framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum verða samkvæmt frumvarpinu. Samkvæmt núverandi samþykktum er það hlutverk heilbrigðisnefnda að hafa eftirlit með allri starfsemi á vatnsverndarsvæðum og afla þarf leyfis heilbrigðisnefnda til að hefja starfsemi á viðkomandi svæði. Ekki liggur fyrir hvort ætlunin er að breyta reglugerð um neysluvatn með þeim hætti að svæðisbundin samlög sveitarfélaga fari með eftirlit og starfsleyfisútgáfu á viðkomandi vatnsverndarsvæði, en það er ljóst að allri óvissu varðandi regluverk um vatnsverndarsvæði verður að eyða og regluverkið um þessa mikilvægustu auðlind okkar verður að vera skýrt og tryggja öryggi neysluvatns þannig að það sé heilnæmt og öruggt. Frumvarpið felur í sér grundvallarbreytingu á skipulagi opinbers eftirlits. Verið er að gera tilraun til breytinga á fyrirkomulagi í þá veru sem hvergi þekktist í okkar nágrannalöndum. Sá vandi sem við blasir í opinberu eftirliti hér á landi og vísað hefur verið til á rætur sínar í því andvaraleysi sem stjórnvöld hafa sýnt þessum málaflokki í gegnum árin.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

### **3. Dagskrárliður: Snókalönd, breyting á deiliskipulagi**

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Snókalanda. Um er að ræða fjölgun á byggingarreitum þar sem gert er ráð fyrir allt að 18 kúluhúsum ásamt þjónustuhúsi. Allt svæðið er undir hverfisvernd HVb5 Kapellu- og Óbrynnishólahraun en í skilmálum hverfisverndarinnar er tekið fram að hverfisverndarákvæði nær einungis til þess hluta hraunanna sem nú er óraskaður að frádregnum áætluðum byggingarsvæðum. Skipulagssvæðið er því ekki innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis.

Á vinnslustigi breytingartillögunnar komu fram ábendingar frá heilbrigðiseftirliti varðandi fráveitu og neysluvatn. Gert er ráð fyrir að fráveita verði leið í rotþró og þá er heimilt að bora eftir neysluvatni fyrir svæðið og skal staðsetning ákvörðuð í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

### **4. Dagskrárliður: Breyting á deiliskipulagi Valla. 3. áfangi vegna Ásvallarlaugar**

Stækkun gerir ráð fyrir nýjum saunaklefum, inni- og útilaug og stækkun á tæknirými. Lögun óraskaðs hrauns er breytt lítillega í samræmi við staðhætti og gert er ráð fyrir gönguleiðum í hrauninu. Byggingarreitur mun stækka til suðvesturs en minnkar aðeins til suðurs.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en vekur athygli á að samkvæmt lögum um náttúruvernd ber að forðast röskun óraskaðs hrauns eins og kostur er.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.*

### **5. Dagskrárliður: Óheimilt dýrahald og slæm umgengni á Ölduslóð 38 í Hafnarfirði**

Heilbrigðiseftirlitinu hafa borist fjölmargar kvartanir vegna dýrahalds á Ölduslóð 38 í Hafnarfirði. Kvartað hefur verið vegna hávaða frá dýrahaldi. Óheimilt er að halda hana í Hafnarfirði samkvæmt samþykkt nr. 1000/20217 um hæsnahald. Við eftirlit kom í ljós að húseigandi er með 9 hana. Húseigandi hefur fengið áskoranir um að fjarlægja hananna, en hefur ekki brugðist við áskorun heilbrigðiseftirlits. Þá hefur heilbrigðiseftirlitinu borist fjölda kvartana vegna dúfnahalds á Ölduslóð 38, þar sem dúfur fljúga um nágrennið og setjast á þök og svalir og er mikil óþrifnaður frá þeim í næsta nágrenni. Húseiganda hefur verið bent á að samkvæmt samþykkt nr. 634/2012 um húsdýrahald og almennt gæludýrahald í Hafnarfirði er einungis heimilt að halda dúfur með leyfi bæjarstjórnar, sem getur takmarkað fjölda dýra og getur sett skilyrði varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir. Áskorun heilbrigðiseftirlits um skráningu dúfnahaldsins ekki verið sinnt og er það niðurstaða heilbrigðiseftirlits að dúfnahaldið að Ölduslóð 38 sé brot á fyrrgreindri samþykkt. Þá er það mat heilbrigðiseftirlits að fjöldi dúfna sem haldin er í húsinu sé umfram það sem eðlilegt geti talist í íbúðabyggð. Á Ölduslóð 38 eru skráðir 3 hundar. Við eftirlit hefur komið í ljós að þar eru haldnir 9 fullorðnir hundar. Hundarnir voru sumir hverjir ekki góðum holdum og aðstæður þeirra voru slæmar. Fjölmargar kvartanir hafa

*St. H. Loft  
B. I. Des*

borist vegna ónæðis frá hundunum og er það niðurstaða heilbrigðiseftirlitsins að eigandi þurfi að bregðast við og hefur verið skorað á eiganda að gera bragarbót á sínu hundahaldi og fylgja samþykktum um hundahald. Eigandi hefur ekki brugðist við þeim tilmælum. Þá gerði heilbrigðiseftirlitið athugasemdir við umgengni á lóð Ölduslóðar 38, en óskráð bifreið er á lóðinni, sem bæði er lýti á svæðinu og ekki í samræmi við kvaðir í lögum og reglugerðum er varðar umgengni, geymslu hluta, búnaðar, tækja og númerslausra bifreiða á lóð. Heilbrigðiseftirlitið hefur óskað eftir að viðkomandi bifreið sé fjarlægð af lóðinni.

Þar sem húseigandi/forráðamaður Ölduslóðar 38 í Hafnarfirði hefur ekki orðið við tilmælum heilbrigðiseftirlitsins hvað varðar þær ábendingar og athugasemdir sem gerðar hafa verið við dýrahald og umgengni, óskar heilbrigðiseftirlitið eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar um að heimila beitingu þvingunarúrræða í samræmi við ákvæði XVII kafla um valdsvið og þvingunarúrræði laga nr. 7/1998.

*Heilbrigðisnefnd staðfestir í samræmi við 44. gr. reglugerðar nr. 903/2024, heimild heilbrigðiseftirlits til að knýja á framkvæmd samþykpta um dýrahald og umgengni á lóð, að beitt sé ákvæðum laga um þvingunarúrræði samkvæmt lögum nr. 7/1998.*

#### **6. Dagskrárliður: Ákvörðun HEF um aflifun hunds kærð til ÚUA**

Heilbrigðiseftirlitið tilkynnti eiganda hunds þá ákvörðun dags. 30. mars 2026 að fara þyrfti fram á að viðkomandi hundur yrði aflífaður til að koma í veg fyrir annað samskonar eða alvarlegs atviks en nú þegar hafa gerst. Ákvörðunin var tekið í samræmi við 5. mgr. 8. gr. samþykktar nr. 1348/2022 um hundahald í sveitarfélaginu.

Eigandi hundsins nýtti sér þann rétt að kæra ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Jafnframt óskaði eigandi eftir því að sú krafa heilbrigðiseftirlitsins sem gerð var um aflifun, yrði frestað þar til úrskurður Úrskurðarnefndar lægi fyrir. Framkvæmdastjóri kynnti nefndinni greinargerð heilbrigðiseftirlits vegna fram kominnar stjórnslukæru.

*Heilbrigðisnefnd tekur undir þá niðurstöðu sem fram kemur í greinargerð til úrskurðarnefndar, m.a. þá ákvörðun að fresta réttaráhrifum þeirrar stjórnvaldsákvörðunar um aflifun hundsins þar til úrskurður Úrskurðarnefndar UA lægi fyrir.*

#### **7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 21. apríl 2026**

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 21. apríl 2026 til kynningar og staðfestingar.

#### **8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 15. apríl 2026**

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 14. apríl 2026 til kynningar og staðfestingar.

#### **9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 8. apríl 2026**

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 8. apríl 2026 til kynningar og staðfestingar.

#### **10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur 1. apríl 2026**


Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar frá 1. apríl 2026 til kynningar og staðfestingar.



Undirskrift fundargerðar




Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Ingibjörg Háksdóttir aðalmaður



Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**145. fundur svæðisskipulagsnefndar  
var haldinn í Ásgarði í Kjós, föstudaginn 10. apríl 2026  
og hófst hann kl. 13:30.**

**Fundinn sátu:**

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Guðrún Lísa Sigurðardóttir, Helga Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Valdimar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

**Dagskrá:**

**1. Kjósarhreppur Aðalskipulag endurskoðað 2024-2036 - 2407003**

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Kjósarhreppi úr skipulagsgátt Skipulagsstofnunar dags. 10. mars 2026 vegna endurskoðaðs Aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036. Svæðisskipulagsnefnd hefur áður fengið kynningu á erindinu en ráðgjafi frá Landmótun kom á 142. fund nefndarinnar, þann 28. nóvember 2025, og kynnti vinnslutillögu endurskoðaðs Aðalskipulags og svaraði spurningum.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

*Umsögnin var samþykkt samhljóða og svæðisskipulagsstjóra falið að senda hana.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**626. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 20. apríl 2026  
og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Valdimar Víðisson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þóra M. Hjaltested, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar SSH setti fund og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**1. Sérskóli á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2025 - 2502016**

Samkvæmt bókun 624. fundar var ákveðið að drög að skýrslu vegna áhersluverkefnis sóknaráætlunar 2025 um fýsileikakönnun á sameiginlegri stofnun sérskóla á höfuðborgarsvæðinu yrðu unnin áfram til samræmis við umræður fundarins, m.a. með nánari greiningu og skýrri og ítarlegri framsetningu tillögu um framhaldið, og lögð fram að nýju að því loknu.

Uppfærð drög skýrslunnar eru fyrirbyggjandi ásamt minnisblaði HLH ráðgjafar dags. 26. mars 2026. Arnar Haraldsson kynnrir.

**Gestir**

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins Arnar Haraldsson ráðgjafi.

**Niðurstaða:**

*Umræður. Unnið verður áfram að málinu til samræmis við umræður fundarins.*

**2. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010**

Aðalfundur Betri samgangna ohf. verður haldinn 29. apríl nk., og er fundarboð fyrirbyggjandi. Gert er ráð fyrir að þrír stjórnarmanna, auk eins varamanns, séu skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar SSH og með vísan til 1. mgr. 63. gr. a í hlutafélagalögum er gert ráð fyrir að tilnefningar í stjórn berist félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund, þ.e. 24. apríl nk.

**Niðurstaða:**

*Eftirfarandi eru tilnefnd sem fulltrúar SSH í stjórn Betri samgangna ohf.:*

*Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs Kópavogs.*

*Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar,*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu  
*sem jafnframt er tilnefnd sem varaformaður Betri samgangna ohf.*

*Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.*

*Varamaður: Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.*

**3. Fyrirkomulag almenningsamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007**

Aðalfundur Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. fer fram mánudaginn 20. apríl. Í aðdraganda fundarins var óskað eftir tilnefningu fjármála- og efnahagsráðherra SSH um fimm aðalmenn og tvo varamenn í stjórn félagsins og þess óskað að tilnefningar í stjórn bærust félaginu í síðasta lagi fimm dögum fyrir aðalfund.

Sameiginlegar tilnefningar SSH og ráðuneytisins hafa verið sendar framkvæmdastjóra félagsins, að fengnu samþykki stjórnar SSH með tölvupóstum. Eftirtalin eru tilnefnd í stjórn Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.:

Aðalmenn:

Örn Guðmundsson (stjórnarformaður)

Jón Kjartan Ágústsson

Lilja Guðríður Karlsdóttir

Sigrún Ragna Ólafsdóttir

Svanhildur Jónsdóttir

Varamenn:

Íris Björk Hreinsdóttir

Jóhannes Þorleiksson

**Niðurstaða:**

*Staðfest.*

**4. PANT akstursþjónusta - 2405005**

Á 612. fundi var stjórn Pant akstursþjónustu falið að greina árangur af núverandi samstarfi, kosti þess og hagkvæmni ásamt því að skoða og meta þá sviðsmynd að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi öll samstarf um þjónustuna. Fyrirliggjandi til kynningar eru drög að skýrslu um þá skoðun.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar. Umræður. Málið verður tekið fyrir að nýju á næsta fundi stjórnar.*

**5. Umsagnir þingmála - 1910005**

Fyrirliggjandi til staðfestingar er umsögn SSH um frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 505. mál, sem send var nefndasviði Alþingis hinn 7. apríl 2026 að höfðu samráði við stjórn SSH með tölvupóstum.

Fullrúar SSH hafa jafnframt verið boðaðir á fund umhverfis- og



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

samgöngunefndar hinn 21. apríl nk. til að gera nánar grein fyrir umsögninni.

Fyrirliggjandi til staðfestingar er umsögn SSH um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits), 582. mál, sem send var nefndasviði Alþingis hinn 16. apríl 2026 að höfðu samráði við stjórn SSH með tölvupóstum.

**Niðurstaða:**

*Staðfest.*

**6. Skipulagsmál á höfuðborgarsvæðinu-Erindi frá SAMARK - 2603005**

Fyrirliggjandi til kynningar er erindi frá SAMARK sem barst með tölvupósti dags. 20. mars 2026.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar. Erindið verði einnig sent Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins og fagráði Svæðisskipulagsnefndar til kynningar.*

**7. Gólf samband Íslands - fundarbeiðni - 2604002**

Fyrirliggjandi er erindi frá Gólf sambandi Íslands, sem barst með tölvupósti dags. 1. apríl sl., en þar er óskað eftir fundi með stjórn SSH.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar. Frekari umræðu frestað.*

**8. Nýting gervigreindar í starfsemi sveitarfélaga - framhald - Sóknaráætlun 2025-2026 - 2511008**

Fyrirliggjandi til kynningar eru er þjónustusamningur Datalab og SSH vegna áhersluverkefna sóknaráætlunar um nýtingu gervigreindar í starfsemi sveitarfélaga en á 625. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið umboð til gerðar samninga vegna áhersluverkefna ársins 2026. Annars vegar er um að ræða framhaldsverkefni ársins 2025 og hins vegar áhersluverkefni 2026.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**9. Útivistarvefur-utumallt.is -Sóknaráætlun 2023-2026 - 2303007**

Fyrirliggjandi til kynningar er samningur SSH við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins vegna áhersluverkefnis sóknaráætlunar 2026 um eflingu útivistarsvæða með áherslu á utumallt.is, en á 625. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið umboð til gerðar samninga vegna áhersluverkefna ársins 2026.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**10. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 435. fundar samstarfsnefndar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 18. mars 2026 ásamt fylgiskjöllum.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**11. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 9. febrúar 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 13. mars 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 24. mars 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum dags. 16. apríl 2026.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**12. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 4. mars 2026.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 18. mars 2026.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**13. SSH Skólamálanefnd - 2502006**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð Skólamálanefndar SSH dags. 26. febrúar 2026.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**14. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007**

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 16. október 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 4. desember 2025.

**Niðurstaða:**

*Lagt fram til kynningar*

**15. Önnur mál - 2110011**

Umræður um stöðu áhersluverkefna sóknaráætlunar 2026.

**Niðurstaða:**

*Umræður*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:50.**

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 22. apríl var haldinn 436. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:53.

Viðstödd voru: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Dagbjört S. Oddsdóttir Seltjarnarnesi, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Andri Sveinn Hilmarsson Kópavogi tók sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason. Andrés B. Andreassen tók sæti með fjarfundarbúnaði og Fany Larota Catunta sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram rekstraruppgjör skíðasvæðanna fyrir árið 2025, ódags.

Samþykkt.

2. Lagt til kynningar ársskýrsla, dags. skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir veturinn 2024 – 2025.

Lögð fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsnefndin vill þakka fyrir fyrstu ársskýrslu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða mikilvægt gagn sem dregur fram í eitt skjal starfseminu yfir árið, fargansröðun í fjárfestingu og viðhaldi og helstu áskoranir. Vill samstarfsnefndin óska eftir því að samhliða uppgjöri ársins fylgi héðan í frá ársskýrsla sem varpar ljósi á starfsárið.

Samþykkt.

3. Lagt fram minnisblað skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 10. apríl 2026, um uppbygging við Skálafell – þarfagreining Reykjavíkurborgar um mögulega aðkomu uppbyggingaraðila að innviðum.
4. Lögð fram tillaga samstarfsnefndar skíðasvæðanna, ódags., um forgangsröðun innviðauppbyggingar og þarfagreiningu á skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Skálafelli.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Frestað.

5. Lagt fram að senda þjónustukönnun skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins á afmarkaðan markhóp.

Samþykkt að senda þjónustukönnunina á notendahóp skíðasvæðanna.

Lögð fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsnefndin samþykkir að þjónustukönnunin verði sett í loftið, unnið verði úr niðurstöðum og þær kynntar eigi síðar í september 2026.

6. Lagðar fram fundargerðir verkefnahóps skíðasvæðanna frá 09. febrúar, 13. mars og 24. mars 2026.

7. Lagt fram minnisblað forstöðumanns, dags. 20. apríl 2026, um stöðuna í fjöllumunum tímabilið desember 2025 - apríl 2026.

**Fundi slitið kl. 09:29**

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson  
Kristín Thoroddsen  
Dagbjört S. Oddsdóttir

Sævar Birgisson  
Bjarni Th. Bjarnason

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 29. apríl var haldinn 437. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:35.

Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Bjarni Th. Bjarnason Garðabæ, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi boðaði forföll.

Jafnframt: Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Tillaga samstarfsnefndar skíðasvæðanna um forgangsröðun innviðaupbyggingar og þarfagreiningu á skíðasvæði í Skálafelli.

Fram fer umræða um uppbyggingu í Skálafelli.

Edda Björk Ragnarsdóttir deildarstjóri í stefnumótun og þróun á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og Þorsteinn Gunnarsson borgarritari taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna leggur fram svohljóðandi tillögu:

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna leggur til að fela verkefnahópi um uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins að hefja vinnu við að kortleggja þarfir vegna uppbyggingar innviða í Skálafelli með forgangsröðun og framtíðarsýn svæðisins að leiðarljósi. Tímalína verkefnahópsins við þarfagreininguna er apríl – júlí 2026.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna leggur fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna samþykkir að fela verkefnahópi um uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins að vinna að þarfagreiningu fyrir Skálafell á tímabilinu apríl til júlí 2026, með það að markmiði að leggja grunn að framtíð svæðisins.

Fundi slitið kl. 08:57.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Steinn Hilmarsson  
Kristín Thoroddsen

Sævar Birgisson  
Bjarni Th. Bjarnason